

Nd.

136. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Flutningsmaður: Sigurður Stefánsson.

Í staðinn fyrir tölulið XIV 48 komi tveir nýir töluliðir:

Ísafjörður: Ísafjarðarsókn.

Hóll: Hólssókn i Bolungarvík.

Ástæður.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk og áskorun safnaðarfunda í báðum þeim sóknum, er hjer eiga hlut að máli, sömuleiðis einróma áskorun bjeraðsfundar í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi og Synodusar; eru áskoranir þessar studdar með eindregnum meðmælum hjeraðsprófasts og biskups.

Ástæðurnar fyrir skiftingunni er sívaxandi þörf Hólssóknarmanna á óskiftri prestspjónustu, sívaxandi örðugleikar á að ná til prestsins á Ísafirði og embættisannir hans i heimasókninni, er mjög hefir aukist að mannfjölda síðan prestakallalögin komu i gildi.

Öll skjöl málsins, sem að ofan eru nefnd, liggja á lestrarsalnum; að öðru leyti biður frekari greinargerð flutnings málsins á þinginu.